

Ed.

121. Nefndarálit

um frv. til l. um heimild til þess að selja jarðeignirnar Stagley og Sperðlahlið.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á fundum sínum og m. a. rætt það þar við hr. fulltrúa Friðgeir Björnsson, sem hefur til umsjónar meginhlutann af jarðeignum ríkisins. Samkomulag hefur orðið um það, að nefndin mælti með því, að ríkisstjórninni heimilaðist að selja Flateyjarhreppi Stagley á Breiðafirði.

Hins vegar mælir nefndin ekki með sölu Sperðlahliðar, þegar af þeirri ástæðu einni, að fullnægjandi upplýsingar liggja ekki fyrir um þá jörð.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Frvgr. orðist svo:

Heimilt er ríkisstjórninni að selja Flateyjarhreppi Stagley á Breiðafirði.

2. Fyrirsögn frv. orðist svo: Frumvarp til laga um heimild til að selja Stagley.

Alþingi, 19. des. 1942.

Páll Hermannsson,
form., frsm.

Eiríkur Einarsson,
fundaskr.

Þorst. Þorsteinsson.

Kristinn E. Andrésen.

H. Guðmundsson.